

## Ársskýrsla Leikfélags Hólmavíkur milli aðalfunda 21. okt 2021 og 27. apr. 2022

Síðasti aðalfundur var haldinn fyrir skemmstu, 21. október 2021. Á honum voru gerðar nokkrar breytingar á lögum félagsins, m.a. var ákveðið að þrír sætu í stjórn, reikningsárið væri almanaksárið og aðalfundur ætti framvegis að halda í apríl. Ný stjórn var kosin á aðalfundinum eftir mikið jafn, jafnt og fuður, og eftir að hún hafði skipt með sér verkum á fyrsta stjórnarfundinum voru hlutverkin þannig í stjórninni að þar sátu Guðlaug G.I. Bergsveinsdóttir formaður, Jón Jónsson ritari og Úlfar Örn Hjartarson gjaldkeri. Fjórir formlegir stjórnarfundir hafa verið haldnir á þessu stutta starfsári og fjölmargir óformlegir.

Stjórnin gerði athugun á hvort mögulegt væri að taka upp sýningar á leikritinu Stella í orlofi og sýna fyrir jólin 2021, en aðstæður fyrir það ævintýri voru að ýmsu leyti óhagstæðar og stemmning reyndist ekki fyrir hendi, auk þess sem nokkrir leikarar voru flognir á vit nýrra ævintýra í öðrum landshlutum. Eins og kunnugt er var sýningum á Stelli hætt eftir tvær sýningar vorið 2020 vegna Covid. Var Stella því lögð endanlega á hilluna.

Hins vegar var talsverð stemmning fyrir því að setja upp gamanleik á nýju ári. Ekki tók langan tíma að smala í 10 manna hóp af leikurum sem vildu taka þátt í verkinu og var fyrsti samlestur í lok janúar, en æfingar hófust svo af krafti í marsbyrjun (eða það var alla vega planið). Rætt hafði verið við Sigurð Líndal um að leikstýra og samþykkti hann það fúslega þegar til hans var leitað. Á hann þakkar skilið fyrir ánægjulegt samstarf. Farið var í að leita að verki og þrjú handrit skoðuð og lesin í hóp þar sem leikfélagar hittust: Hérumbil Húnaþing, Algjört rugl og Bót og betrun. Hittust félagar eina kvöldstund og lásu aðeins í gegnum handritin. Á næstu dögum var svo tekin ákvörðun í stjórn Leikfélagsins um að Bót og betrun eftir Michael Cooney yrði fyrir valinu. Talið var mikilvægt bæði til að fá leikara til að taka þátt og áhorfendur til að mæta að bjóða upp á gamanleik og einnig var talið víst að trylltur gamanleikur eins og Bót og betrun gæti haft varanleg og góð áhrif á geðheilsu Strandamanna eftir kófið.

Ákveðið var í samvinnu við leikstjórnann að æfa og sýna í Sævangi. Í húsinu er afbragðs hljómburður og það heldur þétt utan um bæði leikara á sviði og áhorfendur í sal. Eins væri þar minni hætta á árekstrum við aðra viðburði á þessum tíma ársins. Æfingatímabilið einkenndist af veikindum í leikhópnum, bæði hjá leikurum og leikstjóra. Þó tókst að frumsýna verkið á páskadag, 17. apríl og nú er þremur sýningum lokið, en tvær eftir um næstu helgi. Mjög ólíklegt er að hópurnir komist í leikferð að þessu sinni.

Leikfélagið tekur jafnan þátt í ýmsu sprelli, t.d. tóku leikfélagar þátt í Hörmungadögum í febrúarlok og léku þar skrímsli í magnaðri Skrímslagöngu í samvinnu við Arnkötlu og Sauðfjársetrið. Eins var unnið að nýjum vef félagsins. Vefslóðin leikhalm.is bar sigur úr býtum í nafnasamkeppni og þar hefur nú litið dagsins ljós nýr vefur, sem enn er að vaxa og dafna, með nýjum fréttum, myndum og pistlum. Afmælisnefnd félagsins og ritari eiga mestan þátt í þeirri vefsmíði.

Félagið hefur á leikárinu notið stuðnings frá Uppbyggingarsjóði Vestfjarða, Sterkum Ströndum, sveitarfélaginu Strandabyggð og ýmsum auglýsendum í leikskrá félagsins sem dreift var í hús á Ströndum og í Reykhólahreppi. Þá er ekki síður mikilvægt að þakka öllum þeim sem rétta okkur hjálparhönd við margvísleg tækifæri, tala fallega um starfseminu og þetta mikilvæga menningarfélag, vinna sem sjálfbóðaliðar við undirbúning og á bak við tjöldin í tengslum við leiksýningar og líka þeim sem standa í sviðsljósinu. Ekki má heldur gleyma öllum þeim sem mæta á sýningar, án áhorfenda væri ekkert leikhús.

Stjórnin þakkar fyrir sig, tjaldið fellur!